



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 28. október 2016

Ályktun um menntamál

42. þing ASÍ krefst þess að fjárveitingar til menntamála verði auknar. Efla þarf sveigjanleika í menntakerfinu og hafa fjölbreytileika í kennsluaðferðum. Mikilvægt er að færni- og mannaflapörf á vinnumarkaði verði greind og menntakerfið taki mið af þeim niðurstöðum. Jafna þarf aðstöðu til náms, óháð aldri, búsetu, kyni, uppruna eða fjárhagsstöðu.

Iðn- og verknám verði stóreflt, bæði innan skólakerfis og utan með samvinnu við atvinnulífið. Auka þarf skapandi nám með þverfaglegu samstarfi skóla og atvinnulífs. Farið verði í markvisst átak til að breyta hugarfari til iðn- og verknáms og byrjað fyrir að kynna mismunandi námsleiðir fyrir börnum og unglingum til að rétta af þá slagsíðu sem er fyrir hendi þegar kemur að bók- og/eða verknámi. Áhersla verði lögð á að gera iðn- og verknám að áhugaverðari og vænlegri kosti. Koma þarf á fagháskólastigi.

Efla þarf raunfærnimat í atvinnulífi í tengslum við skólakerfið og tryggja að það verði metið til launa. Hæfnigreina þarf störf í atvinnulífinu þar sem formlegrar menntunar er ekki krafist. Auka þarf starfsmenntun í fyrirtækjum. Nám erlendra starfsmanna þarf að meta að verðleikum ásamt því að efla íslenskukennslu fyrir aðflutta.

Áhersluatriði

- Verkalýðshreyfingin mun sýna frumkvæði þegar kemur að menntun og berjast fyrir auknum gæðum starfsnáms, starfsþjálfunar og vinnustaðanáms.
- ASÍ og stéttarfélagin munu sinna fræðslumálum enn meira en áður með auknu samstarfi við atvinnurekendur, ríki og sveitarfélög.
- Tryggja þarf aðgengi að námi óháð aldri.
- Koma þarf á fagháskólastigi.
- Vinna skal að hæfnigreiningu starfa og auknu raunfærnimati.
- Kynna þarf störf og námsframboð í iðn- og verknámsgreinum.